



HJÓLREIÐASAMBAND ÍSLANDS

Hjólreiðaping 2021

Hjólreiðasamband Íslands boðar hér með til Hjólreiðapings **sunnudaginn 14. mars 2021** kl. 13:00 – 16:00 í sal E í höfuðstöðvum ÍSÍ að Engjavegi 6.

Stjórn HRÍ áskilur sér rétt til að breyta þingstað og/eða fyrirkomulagi Hjólreiðapings ef takmarkanir í reglugerð heilbrigðisráðherra heimila ekki áætlaðan heildarfjölda þingfulltrúa og gesta.

Í lögum HRÍ stendur m.a.:

5. gr.

Hjólreiðaping fer með æðsta vald í málefnum HRÍ og skal haldið á hverju ári á tímabilinu 1. febrúar til 15. mars. Þingið sitja tilnefndir fulltrúar þeirra hjólreiðafélaga sem mynda sambandið. Hvert félag á minnst tvo fulltrúa á þinginu, mest sjö.

Fjöldi fulltrúa fer eftir fjölda iðkenda sem að greitt er fyrir til HRÍ eins og að neðan greinir:

1-50 iðkendur	2 fulltrúar
51-100 iðkendur	3 fulltrúar
101-200 iðkendur	4 fulltrúar
201-300 iðkendur	5 fulltrúar
301-500 iðkendur	6 fulltrúar
501 eða fleiri iðkendur	7 fulltrúar

**sjá viðauka 1 fjölda fulltrúa fyrir Hjólreiðaping 2021*

Til þingsins er boðað rafrænt með minnst mánaðar fyrirvara. Stjórn HRÍ skal kynna félögum HRÍ dagsskrá þingsins og önnur málefni sem hún hyggst leggja fyrir það, 14 dögum fyrir þing. Málefni, sem fulltrúar hjólreiðafélaga óska að tekin verði til umræðu á þinginu, skulu þeir kynna stjórn HRÍ með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp á hjólreiðapingi, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.

Hjólreiðapingið er löglegt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Dagskrá hjólréiðapings skal vera:

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd. Nefndin skal yfir fara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 7. dagskrárliður hefst
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta
4. Kosning fyrsta og annars þingritara
5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína
6. Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga HRÍ
7. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins
8. Kosning kjörnefndar og skipað í starfsnefndir þingsins
9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld
10. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara
11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar
12. Nefndaálit og tillögur
13. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál
14. Önnur mál
15. Álit kjörnefndar
16. Kosning stjórnar sbr. 10. gr.
17. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
18. Kosning fulltrúa og varafulltrúa HRÍ á Íþróttaping ÍSÍ árið sem Íþróttaping fer fram, skv. lögum ÍSÍ
19. Þingslit.

6. gr.

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og fullan atkvæðisrétt samkvæmt þeim, samþykki þingið kjörbréfin. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði, en getur auk þess farið með eitt annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði viðkomandi hjólréiðafélags. Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða.

Auk þingfulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- stjórn og varastjórn HRÍ
- skoðunarmenn reikninga HRÍ
- fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga sem hafa hjólréiðafélög innan sinna vébanda.

Þess utan getur stjórn HRÍ boðið aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

10. gr.

Stjórn HRÍ skal skipuð fimm stjórnarmönnum. Á hvert skal forseti kosinn sérstaklega til eins árs. Auk þess skulu kosnir tveir meðstjórnendur til tveggja ára og þrír í varastjórn til eins árs. Kosning skal vera skrifleg sé tillaga þess efnis borin upp fyrir stjórnarkjör og helmingur fulltrúa á hjólréiðapingi samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti skal kosning fara fram með greiddum atkvæðum á þinginu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Varamenn í stjórn eiga rétt á að sitja stjórnarfundum og hafa aðgang að öllum gögnum en eru án atkvæðisréttar nema í forföllum aðalmanns.

Skyldur stjórnarinnar eru:

- a) að hafa á hendi þær framkvæmdir, sem undir sambandið heyra,*
- b) að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum hjólréiðareglum, lögum sambandsins og fyrirmælum hjólréiðapings og samþykktum formannafundar,*
- c) að setja nauðsynlegar reglur- og reglugerðir um hjólréiðaiþróttina,*
- d) að ákveða stund og stað fyrir hjólréiðaping,*
- e) að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa á ársþing ÍSÍ,*
- f) að stuðla að og líta eftir opnum mótum,*
- g) að skipa í starfsnefndir strax að loknu hjólréiðapingi og setja nefndunum erindisbréf,*
- h) að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og heiðurstitla HRÍ.*

Fyrir hönd stjórnar HRÍ,

Bjarni Már Svavarsson
Formaður HRÍ

Viðauki 1

Fjöldi fulltrúa fer eftir fjölda iðkenda sem að greitt var fyrir til HRÍ í desember 2020:

Aðildarfélag	Iðkendur	Fulltrúar
Tindur	240	5
HFR	202	5
HFA	134	4
BFH	126	4
Breiðablik	110	4
Víkingur	89	3
Bjartur	85	3
Afturelding	65	3
Grindavík	26	2
Vestri	12	2
Ægir	12	2
SH	12	2